

HÚSAFRIDUNARNEFND  
RÍKISINS

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2143  
komudagur 11.4.2008

10. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Erindi: Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál - umsögn**


Gerð er alvarleg athugasemd við það að 5. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997, þar sem kveðið er á um gerð húsakannana, er fellt brott í fyrirliggjandi frumvarpi til skipulagslaga. Það er skýrt með því að ákvæðið sé óljóst og því erfitt í framkvæmd og að Húsafriðunarnefnd sé að endurskoða leiðbeiningar um deiliskipulag og húsakönnun tengdri því, sbr athugasemdir með lagafrumvarpi um VI kafla, 37. gr.

Á það er alls ekki fallist að umrætt ákvæði sé óljóst. Sveitarstjórnir hafa í samræmi við ákvæðið látið vinna húsakannanir sem eru grundvöllur fyrir upplýstri ákvarðanatöku varðandi framtíð byggðar og því einn mikilvægasti lykillinn að góðri aðal- og deiliskipulagsvinnu. Húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, könnun, greining, úttekt, mat og skráning bæjarumhverfis og einstakra húsa. Könnunin tekur yfirleitt til sveitarfélagsins alls þannig að yfirsýn fæst yfir bæi, bæjarhluta, þéttbýlismyndun og hús í þéttbýli og dreifbýli. Tilgangur bæja- og húsakannana er sá að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Það skal tekið skýrt fram að Húsafriðunarnefnd er ekki að vinna leiðbeiningar um deiliskipulag í eldri hverfum og er því rangt farið með það atriði í athugasemdum með lagafrumvarpinu. Húsafriðunarnefnd hefur gefið út leiðbeiningarit um gerð húsakannana til að auðvelda sveitarstjórnnum og þeim sem vinna húsakannanir sína vinnu auk þess sem vinnubrögð verða samræmd.

**Húsafriðunarnefnd skorar hér með á háttvirt Alþingi að fella 5.mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga ekki brott í nýjum skipulagslögum.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Húsafriðunarnefndar

  
Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður